

Sveigjanleiki á vinnustað:

Meira svigrúm við skipulag vinnunnar
Meiri skilvirkni í vinnu
Meiri tími fyrir fjölskyldu og tómstundir



Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

www.hiðgullnajafnvægi.is

Hvernig er þinn vinnustaður?

- Er rætt hvaða möguleikar eru til staðar til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs?
- Hver eru viðhorf stjórnenda og yfirmanna til fjölskyldulífs og mikilvægi þess að starfsfólk geti samræmt vinnu og fjölskylduábyrgð?
- Er boðið uppá vinnufyrirkomulag og eða vinnutíma sem auðveldar starfsfólki að eiga tíma með fjölskyldunni, eins og t.d. sveigjanlegan vinnutíma eða fjarvinnu?
- Er fjölskyldulíf þitt metið af virðingu þegar vinna og fjölskylda rekast á.
- Er báðum kynjum sýndur skilningur þegar sinna þarf fjölskyldunni?



Ávinningurinn:

Minna álag og betri heilsa
Aukin afköst og einbeiting
Fleiri gæðastundir í vinnu og einkalífi

Velferðarráðuneytið

Jafnréttisstofa

Jafnréttisráð

Upplýsingar fyrir stjórnendur

Nokkrir punktar sem stuðla að
fjölskylduvænum vinnustað

Taktu forystu og settu samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs á dagskrá

- Góð stefnumótun í samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs eykur arðbærni fyrirtækja og stofnana.
- Settu þér markmið, viðmið og mælikvarða sem hjálpa þér að móta fjölskylduvænt vinnuumhverfi.
- Hafðu samráð við starfsfólk og skapaðu öllum tækifæri til að skapa fjölskylduvænan vinnustað.

Veist þú hvað önnur fyrirtæki eru að gera þegar kemur að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs? www.hiðgullnajafnvægi.is

Leitaðu lausna sem henta bæði starfsfólkinu og fyrirtækinu

- Nýttu starfsmannaviðtöl til að ræða um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og kannaðu viðhorf starfsfólks, þarfir og tillögur.
- Skapaðu andrúmsloft þar sem talað er jákvætt um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.
- Innleiddu vinnustaðamenningu sem mælir vinnugæði fremur en tíma. Leggðu áherslu á árangur.
- Gleymdu ekki þörfum starfsfólks í vaktavinnu eða hlutastarfi.

Leitaðu aðstoðar við að þróa fjölskylduvæna starfsmannastefnu

- Kynntu þér lög og reglugerðir um vinnumarkaðsmál og jafna stöðu kynjanna.
- Aflaðu þér reglulega upplýsinga um stöðu mála á vinnustaðnum svo þú getir fylgst með og metið árangurinn.

Veist þú hvar þú getur leitað aðstoðar við að þróa fjölskylduvæna starfsmannastefnu? www.hiðgullnajafnvægi.is, www.jafnretti.is

Skapaðu fjölskylduvæna starfsmannastefnu til framtíðar

- Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs eykur starfsánægju og framlegð!
- Hafðu samráð við starfsfólk og stjórnendur og skapaðu öllum tækifæri til að eiga hlutdeild í innleiðingarferlinu með því að koma með tillögur og þróa úrræði.
- Mundu, fjölskylduvæn starfsmannastefna er árangursríkust þegar hún mætir bæði þörfum starfsfólks og vinnustaðar.

Sveigjanleika á vinnustað er ætlað að skapa aukið svigrúm og fleiri valkosti þegar kemur að skipulagi vinnunnar. Markmiðið er að við getum gegnt störfum okkar á sem skilvirkastan hátt en einnig haft nægan tíma til að sinna öðrum mikilvægum þáttum lífsins, svo sem fjölskyldulífi og tómstundum.

Veittu stjórnendum stuðning við að skapa fjölskylduvænt umhverfi

- Tryggðu að stjórnendur séu vel upplýstir um réttindi og skyldur starfsfólks.
- Hvettu stjórnendur til að koma með hugmyndir að vinnutilhögun sem eykur framleiðni og stuðlar að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.
- Aflaðu stuðnings stjórnenda við að innleiða sveigjanleika með því að dreifa ábyrgð, skapa þeim svigrúm og vænta árangurs. Fáðu reglulega endurgjöf frá þeim.
- Settu verklagsreglur sem tryggja að allt starfsfólk hafi sömu möguleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, óháð stjórnanda.

Fjölskylduvæn starfsmannastefna skapar jákvæða ímynd fyrirtækisins

- Kynntu stefnu fyrirtækisins bæði fyrir starfsfólki og viðskiptavinum.
- Upplýstu starfsfólk um hag fyrirtækisins af auknum sveigjanleika á vinnustaðnum.
- Vertu viss um að starfsfólk hafi greiðan aðgang að upplýsingum um stefnu fyrirtækisins varðandi samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Ávinningur af samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs er margvíslegur. Má þar nefna betri heilsu, minna álag og einbeiting og afköst í vinnu aukast.